

**ÁKVÖRDUN nr. 183****frá 27. júní 2001****um túlkun a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð****(Texti sem varðar EES)**

(2002/155/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að túlkun reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 varðandi einstaklinga sem af heilsufarsástæðum þarfnast bóta án tafar á meðan þeir dvelja í öðru aðildarríki,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Of þröng túlkun a-liðar 1. mgr. 22. gr myndi takmarka verulega frjálsa för þungaðra kvenna, sem vegna þungunar sinnar þarfnast stöðugar og reglulegrar lækni meðferðar og -skoðana og gætu því talist þurfa á bótum að halda án tafar meðan þær dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.
- 2) Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á ákvæðum a-liðar 1. mgr. 22. gr. af hálfu þungaðra kvenna, sem flytja tímabundið til yfirráðasvæðis aðildarríkis í þeim tilgangi að fá aðstoð sem tengist meðgöngu samkvæmt þessum ákvæðum, og fara ekki eftir málsmeðferðinni, sem sett er fram í c-lið 1. mgr. 22. gr., en samkvæmt henni er slík aðstoð háð því að þar til bær stofnun hafi heimilað hana áður.
- 3) Því er mikilvægt að skýra hvernig túlka skal a-lið 1. mgr. 22. gr. svo að ljóst sé að hann tekur einnig til heilsugæslu sem þungaðar konur þarfnast stöðugt og reglulega fram að upphafi 38. viku meðgöngu.

Í samræmi við 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

1. Heilsugæsluþjónusta í tengslum við meðgöngu eða barnsburð, sem hefst fyrir 38. viku meðgöngu og er veitt í öðru aðildarríki en hinu lögbæra aðildarríki eða í aðildarríki þar sem einstaklingur sem fellur undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 er búsettur, skal teljast umönnun sem er nauðsynleg án tafar í samræmi við framangreind ákvæði, að því tilskildu að dvölin sé af öðrum ástæðum en læknisfræðilegum.

Stofnun á dvalarstað skal veita slíka heilsugæsluþjónustu í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

2. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

Bengt SIBBMARK  
*formaður framkvæmdaráðsins*

---